

Áskorun til sveitarstjórnar Borgarbyggðar

Við undirrituð lýsum yfir þungum áhyggjum okkar með útboð á skólaakstri hjá Borgarbyggð. Leið 2 samkvæmt útboðinu er sú leið sem okkar börn fara. Fyrir það fyrsta þá vantar Syðstu-Garða inn á þá leið en þar eru tveir nemendur. Upphaf leiðar 2 er við Grund í Kolbeinsstaðarhreppi en það þýðir 68,8 km aðra leiðina í skólabíl fyrir þann nemenda. Nemendur frá Syðstu-Görðum þurfa að ferðast í skólabíl 67,8 km aðra leiðina, nemandi frá Hraunsmúla í 63,5 km aðra leiðina og nemandi frá Lækjarbug í 49,7 km aðra leiðina. Þetta er algjörlega óviðunandi og ekki í samræmi við reglur Nr. 656/2009 sbr. 4. grein þar sem segir: *Daglegum skólaakstri ber að haga með þeim hætti að nemendum sé ekið heim sem fyrst eftir að lögbundnum skóladegi lýkur. Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs, að meðtöldum biðtíma, sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.*

Í sama útboði er ný leið sem er nr. 19 . Það er leið frá félagsmiðstöðinni Óðali einu sinni í viku sem fer á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum, Varmalandi og Bifröst. Engin slík leið er í boði fyrir nemendur sem búa fyrir vestan Borgarnes. Hér er um hreina og klára mismunun að ræða eftir því hvar börn eru búsett í sveitarfélaginu. Það varðar við lög að mismuna börnum með slíkum hætti.

Í ljósi þess hve knappur tími er til stefnu til að laga þetta svo vel sé, þá óskum við þess að allir sem að málinu koma flýti svörum sýnum og aðgerðum en áskiljum okkur fullann rétt til að fylgja málinu eftir af fullum þunga á annað stjórnarsýslustig verði ekki brugðist við athugasemdum okkar á viðunandi hátt.

Syðstu-Görðum, 04.04. 2017

Adalbjörg Þórolfssd. 14.01.69 - 5019

Margrét Kolbeinsdóttir 21.11.78 - 3969

hjúnnu Alexandersd. 29.12.71 - 5459

hina Þóra Friðbertsd. 18.11.81 - 4519

þórunn Sigurðsdóttir 17.07.79 - 3029